

From: [Glóey Helgudóttir Finnsdóttir](#)
To: [Ólöf Örvarsdóttir](#); [Árný Sigurðardóttir](#)
Subject: FS: Spurningar fyrir fundinn á miðvikudaginn
Date: mánudagur, 1. apríl 2019 15:45:51

Til uppl. Spurningar frá Vigdís Hauksdóttur fyrir fund UH-ráðs

Bestu kveðjur,
Glóey

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

skrifstofustjóri, skrifstofu sviðsstjóra
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
gloey.finnsdottir@reykjavik.is
Sími/Tel: 411 3017 / 411 1111

Frá: Sigurjóna Guðnadóttir <Sigurjona.Gudnadottir@reykjavik.is>

Sent: mánudagur, 1. apríl 2019 12:35

Til: Marta Grettisdóttir <marta.grettisdottir@reykjavik.is>; Glóey Helgudóttir Finnsdóttir <Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is>

Efni: FS: Spurningar fyrir fundinn á miðvikudaginn

Fékk þetta frá Vigdís

Virðingarfyllst,

Sigurjóna Guðnadóttir
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur
Borgartún 12-14 105 Reykjavík
sigurjona.gudnadottir@reykjavik.is
Sími: 411-8521

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>
Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Frá: Vigdís Hauksdóttir <Vigdis.Hauksdottir@reykjavik.is>

Sent: mánudagur, 1. apríl 2019 12:28

Til: Sigurjóna Guðnadóttir <Sigurjona.Gudnadottir@reykjavik.is>

Efni: Spurningar fyrir fundinn á miðvikudaginn

Sæl Sigurjóna

Ég óska eftir að þessar spurningar fari inn í fundargerð umhverfis- og heilbrigðisráðs á miðvikudaginn

Spurningar til heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

1. Hefur heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gert úttekt á byggingarreit nýs Landspítala við Hringbraut hvað varðar mengunarvörnum, hollustuháttum og matvælaöryggi. Ef svo er, hvenær var úttektin gerð ? Ef úttektin hefur ekki verið gerð, stefnir HER á það að gera slíka úttekt ?
2. Hefur heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gert úttekt úr hvort að mengun komi úr jarðvegi við

byggingu nýs Landspítala ?

3. Hver eru loftgæðin innan núverandi húsnæðis Landspítalans við Hringbraut og loftgæði í umhverfi byggingastaðar ?

4. Hefur heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gert úttekt á hávaða frá framkvæmdum við byggingu nýs Landspítala ?

5. Hvers vegna hefur heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ekki gert úttekt á þessum hlutum, í kjölfar fréttáflutnings síðan framkvæmdirnar byrjuðu ?

6. Hversu mikil áhrif hefur mengun úr jarðvegi og hávaðamengun frá byggingarstað haft á sjúklinga Landspítalans við Hringbraut ?

Með fyrirfram þökkum

Með bestu kveðju

Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Spurningar til heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

1. Hefur heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gert úttekt á byggingarreit nýs Landspítala við Hringbraut hvað varðar mengunarvörnum, hollustuháttum og matvælaöryggi. Ef svo er, hvenær var úttektin gerð ? Ef úttektin hefur ekki verið gerð, stefnir HER á það að gera slíka úttekt ? Slík úttekt hefur ekki verið gerð enda ekki á verksviði HER. Byggingarfulltrúi fer með úttektir á byggingarsvæðum og hefur eftirlit með þeim. HER barst tilkynning um olútanka sem á að staðsetja á byggingarsvæðinu og staðan á því er að beðið er heimildar Byggingarfulltrúa á staðsetningu áður en HER tekur þá út. Aðkoma HER til þessa hefur verið að fara yfir teikningar og veita leiðbeiningar um það sem varðar mengunarvarnir, hollustuhætti og matvælaöryggi vegna hönnunar nýs Landspítala. Verktakar á svæðinu eða Byggingarfulltrúi hafa ekki kallað HER og skv. upplýsingum frá Byggingarfulltrúa hafa ekki hafi komið upp mengunartilvik hingað til á byggingareitnum.

2. Hefur heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gert úttekt úr hvort að mengun komi úr jarðvegi við byggingu nýs Landspítala ? Verði vart við mengun ber verktaka þegar að hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Engin slík tilvik hafa komið upp hingað til. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til þess að mengun sé að þessu svæði. Heilbrigðisfulltrúar skoðuðu svæðið í tengslum við sprungna vatnsæð fyrir á árinu og voru engin ummerki um mengun sjáanleg á framkvæmdasvæðinu á þeim tíma.

3. Hver eru loftgæðin innan núverandi húsnæðis Landspítalans við Hringbraut og loftgæði í umhverfi byggingastaðar ? Reglubundið eftirlit er á LSH og hafa eftirlitsferðir verið farnar að undanförunu í samræmi við eftirlitsáætlun 2019. Loftgæðamælingar hafa farið fram í nokkrum tilvikum gjarnan eftir ábendingar starfsfólks, mælt hefur verið CO₂, hiti og raki. Helstu athugasemdirnar eru að loft sé þurrt sem á sér þær skýringar að loftræst er um opnanlega glugga og útiloft er yfirleitt þurrt að vetrarlagi sem á við þær mælingar.

4. Hefur heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gert úttekt á hávaða frá framkvæmdum við byggingu nýs Landspítala ? Nei, framkvæmdin er innan marka þess tíma sem hávaðareglugerð leyfir og engar kvartanir hafa borist HER. Til nánari skýringar þá eru engin eiginleg hávaðamörk á tímabundum framkvæmdum í reglugerðinni einungis tímamörk skv. töflu IV í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

5. Hvers vegna hefur heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ekki gert úttekt á þessum hlutum, í kjölfar fréttáflutnings síðan framkvæmdirnar byrjuðu ? Ekkert hefur komið í ljós sem gefur tilefni til að ætla að farið hafi fram yfir heimildir/tímamörk á framkvæmdasvæðinu.

6. Hversu mikil áhrif hefur mengun úr jarðvegi og hávaðamengun frá byggingarstað haft á sjúklinga Landspítalans við Hringbraut ? Engin mengun hefur fundist á byggingarsvæðinu hingað til. HER hefur ekki upplýsingar um slíkt enda ekki í verkahring þess að safna slíkum upplýsingum en bendir á stjórn Landspítala og/eða Landlækni sem mögulega gætu haft slíkt undir höndum. Engar kvartanir eða ábendingar hafa borist til HER um slíkt. Hins vegar er ljóst að umfangsmiklar framkvæmdir sem þessar hljóta að hafa truflun og óþægindi í för með sér fyrir sjúklinga og starfsfólk meðan á þeim stendur.